

Starfsgreinaráð	Starfsgreinaráð heilbrigðis-, félags- og uppeldisgreina
Starfsheiti	Lyfjatæknir
Dagsetning	23. febrúar 2022
Útgáfunúmer	2. útg.

Starfalýsing lyfjatækna

Lyfjatæknar starfa á fjölbreyttum vinnustöðum; apótekum, sjúkrahúsum, lyfjaheildsölum, lyfjadreifingarfyrtækjum, lyfjaframleiðslufyrtækjum, hjá Lyfjastofnun, Sjúkratryggingum Íslands og víðar. Þeir sjá um móttöku og „taxeringu“ lyfjaávisana, afgreiðslu og leiðbeiningar um notkun lausasölulyfja og fæðubótarefna og blöndun á sýklalyfjum fyrir sjúklinga. Lyfjatæknar sjá um vörupantanir og vörumóttöku og frágang lyfja frá heildsölum. Þeir veita faglega ráðgjöf um notkun hjúkrunar- og sjúkragagna og á vörum til umönnunar ungabarna. Lyfjatæknar sjá um samskipti við Sjúkratryggingar Íslands hvað varðar greiðslupátttöku í lyfjaávisunum og hjúkrunarvörum. Í sjúkrahúsapótekum felast störf lyfjatækna í pöntunum á lyfjum, móttöku þeirra og frágangi, lyfjaskömmun fyrir sjúklinga á deildum og afgreiðslu á lyfjum til sjúklinga. Að auki sjá þeir um birgðastýringar og eftirlit lyfjabirgða á deildum, afgreiðslu lyfja til deilda, þjónusta deildir og sjá til þess að lyf séu geymd við réttar aðstæður. Lyfjatæknar sjá um tiltekt lyfja og vökva fyrir lyfja- og næringarblöndun og vinna í samvinnu við lyfjafræðinga að blöndun ýmissa lyfja og yfirlestur útreikninga. Lyfjatæknar taka þátt í rannsóknum, framleiðslu, dreifingu og sölu lyfja og sjúkravara og taka þátt í fræðslu um meðhöndlun og notkun lyfja.

Lyfjatæknir er lögverndað starfsheiti.

Hæfnikröfur lyfjatækna:

Sér um móttöku lyfjaávisana, „taxeringu“ þeirra, tiltekt og afgreiðslu lyfja í samvinnu við lyfjafræðing.

Veitir faglegar ráðleggingar um notkun lausasölulyfja, hjúkrunarvara, hjálpartækja o.fl. sem einstaklingar þurfa aðstoð með.

Sinnir vöru- og lyfjapöntunum, móttöku lyfja og frágangi þeirra samkvæmt verklagi og skipulagi vinnustaðar.

Býr yfir samskiptafærni til að geta átt farsæl samskipti við samstarfsfólk og einstaklinga með ólíkar þarfir og getur tekist á við krefjandi samskipti.

Er meðvitaður um mikilvægi þjónustulundar og hefur tileinkað sér fagtengdar siðareglur.

Gætir þagmælsku um atriði er varða þjónustu við notendur og leynt skulu fara samkvæmt lögum eða eðli málsins.

Vinnur ásamt öðrum heilbrigðisstarfsmönnum að sameiginlegum markmiðum heilbrigðisyfirvalda hverju sinni til að bæta heilsu og velferð notenda þjónustunnar.

Vinnur sjálfstætt, sýnir frumkvæði og faglegan metnað, tekur þátt í þróunarverkefnum og forgangsraðar verkefnum.

Tekur þátt í teymisvinnu á starfsstöð.

Nýtir sér upplýsingatækni í starfi og kann að nota ýmis sérhæfð forrit sem notuð eru við skráningu, móttöku og afgreiðslu lyfja.

Þekkir lög og reglugerðir sem starf hans heyrir undir og fylgir þeim í daglegu starfi.

Vinnur eftir gæðaviðmiðum, þekkir vinnuvernd og öryggisferla á vinnustað og er fær um að veita skyndihjálp ef slys eða óhöpp ber að höndum.

Ber ábyrgð á eigin starfsþróun, tileinkar sér nýjungar og nýtir þá þekkingu í starfi.

Þekkir leiðir til sjálfbærni og umhverfisverndar og fylgir vistvænum viðmiðum í starfi og við efnisval.